FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1859 **2022/EES/47/29**

frá 6. nóvember 2019

um reglur um beitingu 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 að því er varðar öflun tiltekinna gagna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 frá 20. júní 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir ný, þung ökutæki og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 595/2009 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 og tilskipun ráðsins 96/53/EB ([1]), einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til þess að ákveða aðferð til að meta beitingu skilyrðanna sem viðmiðunarlosunargildi koltvísýrings eru ákvörðuð út frá þykir rétt að framkvæmdastjórnin hafi aðgang að tilteknum gögnum, sem gerð eru aðgengileg framleiðendum þegar þeir nota hermitólið sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 ([2]), einkum „sum exec-gagnaskránni“.

2) Með aðstoð sum exec-gagnaskrárinnar myndi framkvæmdastjórnin geta metið megindleg áhrif á koltvísýringslosun ökutækis sem hlýst af beitingu aðferðarinnar. Einkum er nauðsynlegt að nota sum exec-gagnaskrárnar til að geta ákvarðað, út frá aðlögun á gögnum um íhluti ökutækis, sem eru ílagsgögn fyrir hermitólið, síðari aðlaganir með tilliti til lögboðinnar koltvísýringslosunar. Þar af leiðandi eru sum exec-gagnaskrárnar nauðsynlegar til að meta mögulega þörf á leiðréttingum annars vegar og, ef sú verður raunin, til að beita leiðréttingum á koltvísýringslosun ökutækis hins vegar, á grundvelli aðlagaðra ílagsgagna íhlutar ökutækis í hermitólinu.

3) Því er viðeigandi að framleiðendur vakti og gefi framkvæmdastjórninni skýrslu um sum exec-gagnaskrárnar fyrir hermdu ökutækin á skýrslutímabilunum 2019 og 2020. Þar sem þetta gæti krafist meiri skýrslugjafar af hálfu framleiðenda um ökutæki, sem framleidd eru fyrir 1. október 2019, ætti dagsetning skýrslugjafar fyrir slíkar upplýsingar að miðast við síðari dagsetningu skýrslugjafar sem er 30. september 2021.

4) Mikilvægt er að tryggja að gögnin, sem eru vöktuð og skýrsla gefin um, séu traust og áreiðanleg. Framkvæmdastjórnin ætti því að hafa úrræði til að sannreyna og, ef nauðsyn krefur, gera ráðstafanir til að tryggja að lokagögnin séu rétt.

5) Framkvæmdastjórnin ætti að nota viðskiptagagnasafnið, sem er undir stjórn Umhverfisstofnunar Evrópu, til að auðvelda framleiðendum að safna gögnum og ættu þeir síðan að framsenda þau gögn ásamt gögnunum sem skýrsla hefur verið gefin um samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 ([3]).

6) Til að tryggja að viðmiðunarlosunargildi koltvísýrings séu traustur og dæmigerður grunnur til ákvörðunar á markmiðum fyrir allan flotann í Sambandinu um koltvísýringslosun ætti þessi reglugerð að öðlast gildi innan eins skamms tíma og mögulegt er í kjölfar útgáfu hennar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 286, 7.11.2019, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 198/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 198, 25.7. 2019, bls. 202.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 frá 12. desember 2017 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar ákvörðun koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar þungra ökutækja og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 (Stjtíð. ESB L 349, 29.12.2017, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 frá 28. júní 2018 um vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja (Stjtíð. ESB L 173, 9.7.2018, bls. 1).

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Vöktun og skýrslugjöf framleiðenda

1. Framleiðendur skulu vakta og senda framkvæmdastjórninni skrá með gildum, sem eru aðskilin með kommu með sama nafni og vinnuskráin ásamt skráargerðinni .vsum sem inniheldur uppsafnaðar niðurstöður hvers notkunarsviðs hermunar og skilyrði fyrir farmþunga sem hermitólið, sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2400, skilar af sér í myndrænni útgáfu notendaviðmóts síns („sum exec-gagnaskrá“) fyrir ný þung ökutæki með dagsetningu hermunar fyrir 1. júlí 2021 í samræmi við þessa reglugerð.

2. Framleiðendur skulu vakta sum exec-gagnaskrána varðandi hvert nýtt þungt ökutæki:

a) með dagsetningu hermunar frá og með 1. október 2019 til 30. júní 2020 og gefa skýrslu um þessi gögn eigi síðar en 30. september 2020,

b) með dagsetningu hermunar frá og með 1. janúar 2019 til 30. september 2019 og gefa skýrslu um þessi gögn eigi síðar en 30. september 2021,

c) með dagsetningu hermunar frá og með 1. júlí 2020 til 30. júní 2021 og gefa skýrslu um þessi gögn eigi síðar en 30. september 2021

3. Tengiliður framleiðanda skal senda sum exec-gagnaskrána á rafrænan hátt í viðskiptagagnasafnið sem Umhverfisstofnun Evrópu stýrir. Þegar gögnin hafa verið send skal tengiliðurinn tilkynna framkvæmdastjórninni og stofnuninni um það með tölvupósti á netföngin sem um getur í 5. mgr. hér á eftir.

4. Tengiliðurinn, sem ber ábyrgð á upphali gagna hvers framleiðanda, skal vera sá sem framleiðandinn tilnefndi, samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/956, nema framleiðandinn tilkynni framkvæmdastjórninni um annað eigi síðar en 1. september 2020.

5. Tilkynningar skulu sendar á eftirfarandi netföng: „EC-CO2-HDV-IMPLEMENTATION@ec.europa.eu“ og „HDV-monitoring@eea.europa.eu“.

2. gr.

Sannprófun

1. Framleiðendurnir skulu bera ábyrgð á réttleika og gæðum gagnanna sem þeir gefa skýrslu um skv. 2. mgr. 1. gr. Þeir skulu upplýsa framkvæmdastjórnina án tafar um hvers konar skekkjur sem greindar hafa verið í gögnunum sem skýrsla er gefin um.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að sannreyna gæði gagnanna sem skýrsla er gefin um skv. 2. mgr. 1. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að leiðrétta gögnin, að höfðu samráði við framleiðandann, ef hún fær upplýsingar um skekkjur í gögnunum eða ef hún verður vör við misræmi í gögnunum við eigin sannprófun.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.